

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2006.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940. Lagt fyrir 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 419 – 365. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té svofellda umsögn.

Með frumvarpinu er lagt til að við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem, verknaður sem beinist að karli, konu eða barni sem eru nákominn geranda og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skuli að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni. Þá er í frumvarpinu jafnframt fellt út ákvæði 191. gr. laganna, en þess í stað bætt við nýju ákvæði, 233. gr. b, þar sem sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skal sæta fangelsi allt að tveimur árum, auk þess sem lagt er til að brot gegn ákvæðinu sæti opinberri ákæru.

Af hálfu laganefndar lögmannafélagsins er ekki tekin afstaða til þess mats löggjafans sem endurspeglast í ákvörðun refsingar fyrir framangreind brot eða til þeirrar stefnu sem mörkuð er með því að setja sérstaka refsibýngingarástæðu um þau brot sem beinast gegn nákomnum, í stað sérstaks refsiakvæðis. Hins vegar er bent á að hugtakið „stórfelldar ærumeiðingar“ í fyrirhugaðri 233. gr. b. er tæpast nægilega afmarkað í greinargerð með frumvarpinu, en sérstök þörf er á því að afmarka það nánar eigi það að ná tilgangi sínum. Hið sama gildir einnig um það skilyrði 1. gr. frumvarpsins, þegar tengsl geranda og brotaþola „þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins“.

Í frumvarpinu er tekið fram að löggjafinn hafi mótað þá stefnu að nauðsynlegt sé að íslensk refsilöggjöf endurspegli með skýrari hætti það mat löggjafans að brot, sem framin eru í samskiptum nákominna hafi sérstöðu. Þá hefur komið fram að almennt beri að þyngja refsingu innan lögmæltra refsimarka ákvæðis, þegar slík tengsl eru talin auka á grófleika verknaðar. Það er álit laganefndar lögmannafélagsins að til þess að framangreindum markmiðum verði náð þurfi refsiheimildir að vera skýrar. Álitamál er hvort frumvarpið nái því markmiði verði náð með hliðsjón af framanröktu.

Að öðru leyti gerir laganefnd LMFÍ ekki athugasemdir við efni ofan greinds frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.
formaður